

Háskóli Íslands

Hugvísindasvið

Viðskiptatengd kínverska

Einbirnisstefnan í Kína

Áhrif stefnunnar á þrjár kynslóðir Kínverja

Ritgerð til B.A.-prófs

Eva Dögg Davíðsdóttir

Kt.: 040594-3029

Leiðbeinandi: Geir Sigurðsson

September 2018

Einbirtisstefnan í Kína: Áhrif stefnunnar á þrjár kynslóðir Kínverja

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til BA-prófs við Mála- og menningardeild,
Hugvísindasviði Háskóla Íslands.

© 2018 Eva Dögg Davíðsdóttir

Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

Prentun: Háskólaprent

Reykjavík, 2018

Ágrip

Þessi ritgerð til BA-prófs í viðskiptatengdri kínversku fjallar um einbirtisstefnuna sem var löggjöf í Kína í rúm 35 ár og áhrif hennar á samfélagið. Einbirtisstefnunni var aflétt fyrir einungis tveimur og hálfu ári eða í desember 2015. Hún var stefna sem hafði þann tilgang að draga úr fólksfjölgun í Kína þar sem fólki fjölgaði of hratt í landinu sem var meðal annars ekki í takt við þróun og aukningu matvælaframsleiðslu í landinu. Ef fólksfjölgun hefði haldið áfram með sama hraða án inngríps stjórnvalda hefði þróunin ef til vill getað ollið hungursneyð í landinu og aukið fátækt landsmanna. Einbirtisstefnan réði högum fólks í Kína á því hversu mörg börn hver hjón mættu eiga og stór huti hjóna fengu einungis leyfi til þess að eignast eitt barn.

Í ritgerðinni verður reynt að veita innsýn í það hvernig einbirtisstefnan hafði áhrif á samfélagið í Kína og hvernig stefnan og þær breytingar sem henni fylgdu hafði og hefur enn í dag áhrif á börn jafnt sem fullorðna í samfélaginu. Meðan stefnan var í gildi fæddust tvær kynslóðir Kínverja og á þessu tímabili breyttust samsetning og hagir fjölskyldna mikið. Skoðað verður hvernig fornar hefðir eru ef til vill á undanhaldi í kínversku samfélagi um þessar mundir og hvort einbirtisstefnan sé meðal annars áhrifavaldur á þessar breytingar. Álag á börnin, ofdekrun einkabarnanna og væntingar foreldra til barnanna eru atriði sem verða skoðuð og hvernig afleiðingarnar birtast sem vanlíðan sem oft leiðir til þunglyndis, sjálfsmorða eða lélegrar félagslegrar hæfni sem oft hefur áhrif á félagslíf og vinnu þeirra. Einnig verður rætt um óhamingjusemi barna, heilsu þeirra og fleiri atriði sem vert er að skoða í ljósi áhrifa einbirtisstefnunnar.

Efnisyfirlit

Ágrip

Inngangur	1
1. Einbirnisstefnan í Kína	3
1.1 Aðdragandi einbirnisstefnunnar	3
1.2 Einbirnisstefnan tekur gildi	4
1.3 Frjósemi kínverskra kvenna	6
2. Konfúsíaníska gildið xiào 孝	7
2.1 Merking gildisins xiào 孝	7
2.2 Hvernig kemur xiào 孝 fram í nútímasamfélagi	8
3. Afleiðingar einbirnisstefnunnar	9
3.1 Drengir betri kostur	9
3.2 Breytingar á forgangsröðun fjölskyldna í Kína	10
3.3 Mikið lagt á herðar einbirna	11
4. Lífnaðar- og búsetuhættir	12
4.1 Breytingar á lífnaðar- og búsetuháttum	12
5. Afleiðingar uppeldis á tímum einbirnisstefnunar	14
5.1 Dekruðu einkabörnin	14
5.2 Hafa dekrúðu einkabörnin burði til þess að halda í hefðirnar?	15
5.3 Vinnumarkaðurinn fyrir einbirningana	16
5.4 Skiptar skoðanir á litlu einbirnunum á vinnumarkaði	17
5.5 Áhrif álags á börnin	18
5.6 Félagshæfni	19
5.7 Sjálfsmorð	19
6. Tvíbirnisstefnan	20
Lokaorð	22
Heimildaskrá	24

Inngangur

Einbirnisstefnan í Kína er stórt og mikið viðfangsefni. Hvergi annarstaðar í heiminum hafa stjórnvöld beitt jafn róttækum fyrirmælum til að draga úr fólksfjölgun. Stefnan takmarkaði réttindi mörg hundruð milljóna landsmanna á barnseignum og því er vert að rýna í stöðu og háttsemi kínverskra fjölskyldna í kringum þá tíma sem einbirnisstefnan var í gildi. Löggjöfin var við lýði í rúm 35 ár eða frá 18. september 1980 (Liu, 2017) til desember ársins 2015 (Haas, 2017).

Einbirnisstefnan olli því að miklar breytingar urðu á kínversku samfélagi og hafði áhrif á fjölskylduhagi, uppeldi, hefðir og líðan fjölskyldumeðlima. Stór þáttur í þessum breytingum á líðan og högum fólks í Kína er kominn til vegna áhrifa sem felast í því að vera einkabarn. Það má vel greina þessa þætti en fræðimenn hafa skiptar skoðanir á því hversu mikil áhrif stefnan hafði á kínverskt samfélag og hvaða þætti samfélagsins í dag megi rekja til stefnunnar (Feng, Dudley, Poston, & Wang, 2014).

Þetta ástand hefur breytt hugsunarhætti fólks á hefðbundnum gildum sem Kínverjar hafa haft að leiðarljósi allt frá tímum Konfúsíusar. Konfúsíanismi er heimspekileg og trúarleg hefð sem heimspekingurinn Konfúsíus lagði fram um árið 500 fyrir Krist (Yao, 2000). Eitt af gildum konfúsíanismans er „fjölskyldutryggð“ eða xiào 孝. Gildið xiào 孝 hefur meðal annars að geyma ráð um hvernig fjölskylduhögum skuli háttáð, forgangsröðun fjölskyldunnar og hvernig börn skulu annast foreldra sína þegar þau eru komin á elliárin. Eftir komu einbirnisstefnunar vill svo vera að nýja kynslóðin hefur alist upp í samfélagi þar sem algengast er að hver hjón eignist aðeins eitt barn. Þá hafa orðið breytingar á forgangsröðun innan fjölskyldunnar. Með þessari breytingu er álit barna og eldra fólks hvernig fjölskylduhögum skuli háttáð ekki það sama og áður fyrr og í þessari ritgerð verður þetta málefni skoðað til hlítar (Poskaite, 2014).

Það sem hefur einnig breyst með einbirnisstefnunni er að börn eiga ekki mikið af ættingjum þar sem ef til vill foreldrar eiga ekki systkini og oft gildir það sama um barnið sjálft. Síðast en ekki síst verður skoðað hversu mikið álag fylgir því að vera einkabarn í Kína og hvaða afleiðingar það getur haft á börnin í þeim tilfellum þar sem aðeins eitt barn er í fjölskyldunni og þegar mikið er ætlast til þess. Í mörgum tilfellum eru börn allt frá unga aldri undir mikilli pressu og leggja mikið á sig til þess að reyna

að tryggja sér bjarta framtíð bæði fyrir sjálf sig sem og fjölskylduna sína (Goh, 2011).

Tilgangur ritgerðarinnar er fyrst og fremst sá að skoða hvernig lífshættir barna í Kína hafa breyst vegna einbirnisstefnunar, að varpa ljósi á stöðu samfélagsins og viðhorf bæði barna og eldri kynslóða til þessara breytinga. Ritgerð þessari er ætlað að fá fólk til þess að hugsa hvort það sé þeim fyrir bestu að halda í þá nýju hefð að eignast aðeins eitt barn eða hvort það hljótist hagur af því að eiga systkini og fleiri ættingja (Goh, 2011).

1. Einbirnisstefnan í Kína

1.1 Aðdragandi einbirnisstefnunnar

Kommúnistaflokkurinn tók við stjórn Kína árið 1949. Á þeim tíma var almenningur hvattur til að eignast sem flest börn til þess að fá meira vinnuafl í landinu. Stuttu síðar var mörgum stjórnarliðum orðið ljóst að matvælaframleiðsla hélst ekki í hendur við fólksfjölgun því að fólkinu í landinu fjölgaði of hratt og ef sú þróun héldi áfram yrði hungursneyð í landinu (Goh, 2011).

Snemma á sjöunda áratugnum kynnti stjórn Kína stefnu um skipulagðar barneignir. Um sama leyti voru haldnar samkomur og fundir um stefnuna og áætlunin sem í henni fólst tekin til rækilegrar skoðunar. Stefnan var kölluð „fjölskylduáætlun“ *jiātingjihuà* 家庭计划. Um þetta leyti var stefnunni ekki fylgt eftir þar sem menningarbyltingin kom til árið 1966 og áætlunin datt upp fyrir í öllum sviptingum samfélagsins. Á áttunda áratugnum eða um 1971 kynnti stjórnin til nýja áætlun, sú áætlun var kölluð „tveggja barna fjölskylda“ og slagorðið „seint, mikið bil, fá“ *Wǎn, kōng, shǎo* 晚, 空, 少 var mjög haldið á lofti. Fólk var hvatt til þess að eignast börn seint, hafa langt bil á milli barna og helst ekki eignast fleiri en tvö börn.


Eftir andlát Mao Zedong, leiðtoga Kommúnistaflokksins, árið 1976 kom í ljós að framleiðsla á landbúnaði í landinu á hverja manneskju hafði í raun ekki aukist frá 1957 eða undangengin 19 ár vegna þess að fólkinu fjölgaði hraðar en landbúnaður þróaðist. Stjórnvöld töldu að nú væri meiri nauðsyn en áður að finna lausn á fólksfjölgun í landinu og að grípa þyrfti til aðgerða (Pong, 2009).p1434/167

Árið 1949 voru Kínverjar rúmlega 500 milljónir en aðeins 21 ári seinna árið 1970 voru þeir orðnir um 800 milljónir sem sýnir gífurlegan hraða fólksfjölgunar í landinu (Country meters, 2018). Stjórnvöld fóru að íhuga róttækari aðgerðir til að hægja á fjölguninni í landinu. Um 1975 voru 65 prósent allra íbúa Kína 30 ára eða yngri og 38,6 prósent af þeim voru undir 15 ára aldri. Ástæðan fyrir þessu var að fæðingartíðni í Kína jókst hratt og á sama tíma dró verulega úr ungbarnadauða þar sem heilbrigðisaðstæður skánuðu mikið. Þetta þýddi að fleiri börn lifðu af sem aftur ýtti undir fólksfjölgun (Croll, Davin, & Kane, 1985). Þar sem heilbrigðiskerfið tók framförum fór dauðsföllum í landinu einnig fækkandi. Þá sáu fræðimenn ekki fram á að fólksfjölgun og dauðsföll yrðu jöfn fyrir en um aldamótin 2000. Með þessari þróun

voru Kínverjar orðnir tæplega fjórðungur af fólksfjölda á jörðinni. Þar með þurftu þeir að afla fæðu fyrir allan þennan fjölda sem þótti ekki raunhæft þar sem Kínverjar áttu einungis 7 prósent af arðbæru jarðræktarlandi heims (Pong, 2009).

Spá fræðimanna um að fólksfjölgun og dauðsföll yrðu jöfn um árið 2000 stóðst þó ekki og fer fólki enn fjölgandi eins og sjá má á Grafi 1.

Graf 1. Fólksfjöldi Kína frá árinu 1951 til 2018.



Graf 1. Byggt á gögnum frá Country meters. (2018). China Population 1951-2018.

Sótt 2.mái 2018 af <http://www.countrymeters.info/en/China#facts>

1.2 Einbarnisstefnan tekur gildi

Fólksfjöldinn var orðinn svo mikill að ríkisstjórnin hóf aðgerðir til þess að reyna að hægja á þessari hröðu fjölgun. Árið 1979 var sett á stefna í Kína sem kölluð var einbarnisstefnan eða „fæðingaráætlunin“ jìhuà shēngyù 计划生育 (Pong, 2009). Stefnan var tekin stranglega í gildi 18. september 1980 (Liu, 2017). Einbarnisstefnan fól í sér að hvert par mátti einungis eignast eitt barn. Til að byrja með voru send út svokölluð „einbarnisheiðursskjöl“ til yfir 6 milljón hjóna sem höfðu nú þegar eignast eitt barn. Skírteinið átti að gegna því hlutverki að tilkynna fjölskyldunni að þau mættu ekki eignast fleiri börn. Fljótlega upp úr 1980 fjölgaði fjölskyldum með eitt barn um 4,4 milljón á ári (Feng o.fl., 2014). Eftir komu einbarnisstefnunnar voru allir hvattir til þess að eignast eitt barn en sumir féllu í ákveðinn hóp með undanþágu frá

regluverkinu. Til þess að falla í þann hóp varð fólk að tilheyra þjóðernislegum minnihlutahóp, búa við landamæri eða hafa búið erlendis. Einnig máttu foreldrar eignast annað barn ef fyrsta barn þeirra fæddist með fötlun eða hafði ekki heilsu til þess að vinna seinna, en til að úrskurða um undanþágur vegna heilsuskorts barna var nauðsynlegt að fara eftir og uppfylla fyrirfram ákveðið regluverk til að öðlast undanþágu. Dæmi eru um að þegar foreldrar eignuðust stúlkubarn gripu þau til þess ráðs að fela barnið með því að ættleiða það til annarra fjölskyldumeðlima í von um að næsta barn yrði drengur. Ef foreldrar voru gómaðir við athæfið var þeim refsað í formi sektar og einnig fengu þau ekki leyfi til þess að eignast annað barn. Fjölskyldumeðlimurinn sem ættleiddi barnið átti líka yfir höfði sér sömu refsingu (Pong, 2009). Yfirleitt fylgdu fleiri refsingar í kjölfarið og þá sérstaklega ef sektin var ekki greidd. Þær refsingar sem tíðkuðust voru á borð við að fá ekki stöðuhækkun eða vera vikið úr starfi, þá einkum ef foreldrar störfuðu fyrir fyrirtæki eða stofnanir á vegum ríkisins. Einnig voru dæmi um að konur væru neyddar í fóstureyðingu ef þungun uppgötvaðist nógu snemma. Þegar börn fæddust ólöglega og sektin fyrir þau var ekki greidd gátu börnin ekki verið skráð sem löglegir íbúar Kína og fengu því ekki kínversk skilríki. Börn þessi gátu ekki gengið í skóla, notað heilbrigðiskerfið, hótél í landinu, lestarkerfi né átt möguleika á að ganga í hjónaband síðar meir. Árið 2015 voru um 13 milljónir manna sem féllu í þennan hóp (Haas, 2017; Sheehan, 2015). Á tíma refsinganna tíðkaðist einnig að bera börn út ef barnið var stúlka. Árið 1986 var ný undanþága tekin í gildi í dreifbýli til að draga úr útburði stúlkubarna sem fól í sér að ef fyrsta barn var stúlka fengu foreldrar leyfi til að eignast sitt annað barn í von um að það yrði drengur. Þessi nýja undanþága stöðvaði þó ekki alla foreldra að bera út sitt annað og jafnvel þriðja barn ef það var einnig stúlka í von um að næsta barn yrði drengur (Pong, 2009).

Ef foreldrar eignuðust stúlkubörn og ákváðu að halda barni sínu, líkt og flestir gerðu, þá fékk barnið jafn góða umönnun, athygli og vonir um bjarta framtíð líkt og ef barnið væri drengur, þrátt fyrir að flestir foreldrar vonuðust frekar til þess að eignast drengi. Sú hefð tíðkaðist ekki áður fyrr en þá gengu meira og minna einungis drengir í skóla og stúlkum var kennt að sjá um heimilið. Í dag eru breyttir tímar og fá stúlkur jafn mörg tækifæri og drengir. (Feng o.fl., 2014).


Um 1990 voru níu af hverjum tíu fæðingum í landinu einbirni. Á þessum tíma voru fjölskyldur með eitt barn um 24 prósent allra fjölskyldna í Kína. Stefnan stóð yfir í um 35 ár eða allt til ársins 2015 sem gerði að verkum að í dag þykir fólki

eðlilegast að foreldrar eigi einungis eitt barn og furðar sig frekar á því þegar börn í hverri fjölskyldu eru fleiri en eitt. Þessi viðleitni á sérstaklega við í þéttbýli vegna þess að eftirfylgni með stefnunni var meiri í borgum en á strjálbýlli svæðum. Að sama skapi voru undanþágur frá þessum ströngu reglum um aðeins eitt barn á hverja foreldra afar fátíðar í þéttbýli. Kynslóðirnar sem fæddust á meðan einbarnisstefnan stóð yfir hafa breytt hugsunarhætti Kínverja mikið á fjölskylduhögum, fjölskyldutengslum og á því hvernig uppeldi skuli háttað í landinu. Í dag hefur stefnan verið það lengi við lýði að tvær kynslóðir hafa þurft að fylgja þessum reglum og því má vel greina þær afleiðingar sem einbarnisstefnan hefur haft á fjölskylduhagi, uppeldi, hefðir og líðan fjölskyldumeðlima miðað við hvað tíðkaðist áður en stefnan tók gildi. Stór þáttur í þessum breytingum á líðan og högum fólks í Kína er kominn til vegna áhrifa sem felast í því að vera einkabarn. Áhrif frá því að eiga fáa ættingja, jafnvel ekkert frændfólk og hvað þá systkini valda því að öll athygli beinist að einbirninu. Einnig verða börn fyrir miklu álagi bæði til að reyna að ná langt með því að mennta sig vel og síðar að hugsa um fjölskyldumeðlimi sína (Feng o.fl., 2014).

1.3 Frjósemi kínverskra kvenna

Tilraunir stjórnvalda til að hafa áhrif á fólksfjölgun í Kína undanfarna áratugi hefur haft mikil áhrif á frjósemi kvenna. Hér að neðan má sjá graf um almennt frjósemishlutfall kvenna í Kína á árunum 1950 til 2010.

Graf 2. Almennt frjósemishlutfall kvenna í Kína, 1950-2010



Graf 2. Feng o.fl., (2014). China's One-child Policy and the Changing Family. *Journal of Comparative Family Studies*. 1, 18-29.

Á Grafi 2 má sjá á Y-ás fjölda barna á hverja konu í Kína og X-ás sýnir ártalið. Út frá þessum upplýsingum er almennt hlutfall frjósemi kvenna næstum það sama árið 1950 og 1970, eða um það bil sex börn á hverja konu. Eftir árið 1971 þegar stefnan um „tveggja barna fjölskyldu“ kom fram á sjónarsviðið og fólk var hvatt til að eignast færri börn fækkaði fæðingum í landinu hratt. Innan við 10 árum síðar var hlutfallið orðið undir þrjú börn á hverja konu sem sýnir hversu mikil áhrif hvatning stjórnvalda hafði á kínversku þjóðina. Aftur verða breytingar á fjölda fæðinga í landinu um árið 1980 en það er sama ár og einbirtisstefnan var tekin í gildi. Eftir árið 1980 var meira jafnvægi á milli ára í fjölda barneigna á hverja konu. Frjósemi kvenna fór hægt og rólega á um það bil einum áratug úr því að vera undir þrjú börn í um eitt og hálf barn á hverja konu í landinu. Hlutfallið hefur síðan haldið sér meira og minna stöðugt í einu og hálfu barni síðustu tvo áratugi. Skýringin á því að meðalfjöldi barna á hverja konu í Kína er yfir hlutfallinu einn er vegna ýmiss konar undanþága sem veittar hafa verið frá reglunni. Því er meðalfjöldi barna á hverja konu hærra en lög og reglur sögðu til um á þessum tíma (Feng o.fl., 2014).

2. Konfúsíaníska gildið xiào 孝

Konfúsíanismi er heimspekileg og trúarleg hefð sem Kínverjar hafa lengi haft að leiðarljósi. Heimspekingurinn Konfúsíus var uppi 551-479 fyrir Krist og hafa kenningar hans meira og minna haldist sem hefðir í Kína síðan þá. Eitt af konfúsíanísku gildunum er „fjölskyldutryggð“ eða xiào 孝 og er gildið einkum mikilvægt fyrir Kínverja.

2.1 Merking gildisins xiào 孝

Í Konfúsíanisma hefur gildið xiào meðal annars þá merkingu að allir meðlimir fjölskyldunnar eru jafn mikilvægir þar sem eilífð forfeðra fylgir kynslóðinni. Konfúsíus taldi að með ábyrgðinni sem fylgir því að bera forfeður með sér til næstu kynslóða myndist virðing gagnvart eldri kynslóðum fjölskyldunnar. Ný kynslóð fær ósjálfrátt það verkefni að tryggja að saga fjölskyldu sinnar og forfeðra haldi áfram sem meðal annars felst í því að eignast sitt eigið afkvæmi (Yao, 2000). Börn eiga að virða foreldra sína og aðstoða þau alla ævi því samkvæmt Konfúsíus hafa foreldrarnir gefið börnunum stærstu gjöf sem hægt er að gefa með því að hafa gefið þeim líf og

enginn greiði getur komist á móts við þá gjöf (Poskaite, 2014). Börnin hafa því allt sitt líf það verkefni að þjóna foreldrum sínum. Konfúsíus sagði að vilji sonur fylgja xiào með þryði þurfi hann að færa foreldrum sínum nægan mat og föt og gera það með fullri virðingu í garð foreldra sinna (Yao, 2000).

Fylgni við xiào 孝 hefur verið gagnrýnd af mörgum, þar á meðal af Arthur H. Smith (1845-1932), sérfræðingi í kínverskri menningu. Smith var trúboði í kristnum mótmælendasið og gagnrýndi hugsunarhátt Konfúsíusar harðlega. Í ritum sínum um kínverska menningu hélt hann því fram að stórir gallar væru á hugmyndafræði xiào 孝. Smith taldi gildið einblína á skyldur barna gagnvart foreldrum sínum en síður á skyldur foreldra gagnvart börnum sínum. Smith setti einnig út á að í stefnu Konfúsíusar væri mun meira fjallað um syni heldur en dætur (Smith, 2002). Með þessu fannst Smith stefna Konfúsíusar valda því að dætur yrðu gjarnan útundan í samfélaginu. Honum fannst stefnan ýta undir að Kínverjar vildu síður eignast stúlkubörn sem olli því að stúlkur voru í sumum tilfellum gefnar til ættleiðinga eða bornar út, vegna þess að sonur þótti mun betri kostur samkvæmt gildum Konfúsíusar (Goh, 2011; Smith, 2002). Smith taldi einnig að stefna Konfúsíusar ýtti of mikið undir foreldradýrkun í stað þess að börnin fylgdu hjarta sínu og eigin leiðum til að tjá og sýna umhyggju til foreldra sinna (Smith, 2002).

2.2 Hvernig kemur xiào 孝 fram í nútímasamfélagi

Mikið hefur verið rætt hvort gildi xiào 孝 sé ennþá til staðar í kínversku samfélagi í dag. Yngri kynslóðin í Kína vill meina að xiào 孝 sé en til staðar á meðan eldri kynslóðin heldur gjarnan fram að svo sé ekki. Þessar skiptu skoðanir eldri og yngri kynslóðar má að miklu leyti rekja til mismunandi túlkana á gildinu xiào 孝. Eldri kynslóðin telur að börn þeirra séu ekki að hugsa nægjanlega vel um foreldra sína og því ekki að fylgja xiào 孝 líkt og ætla mætti. Foreldrum finnst ekki einungis vanta upp á virðingu barna í sinn í garð, heldur einnig vanta upp á ást og umhyggju sem börnin sýna þeim (bùxiàoshun 不孝顺). Á sama tíma finnst yngri kynslóðinni að þau séu að leggja mjög hart að sér til að uppfylla gildi xiào með því að vera úti á vinnumarkaðnum að afla tekna til að geta stutt foreldra sína fjárhagslega. Fræðimennirnir Yan Yunxiao og Wu Fei hafa skoðað ofangreint málefni og eru nokkuð sammála um að staðan sé í raun og veru eins og hér hefur verið lýst,

klofningur á skoðunum þeirra eldri og yngri. Börn telja að lífsgjöfin sem foreldrar færðu þeim sé ekki óendurgreiðanleg og telja sig ekki þurfa að veita þeim eins mikla umhyggju og foreldrarnir krefjast. Að mati barnanna finnst þeim að hamingja foreldranna eigi meðal annars að felast í því hvort börnin þeirra séu hamingjusöm eða ekki og telja sig vera að fylgja xiào 孝 með því að vera sjálf hamingjusöm, því þá ættu foreldrarnir að verða ánægðir (Poskaite, 2014). Þar sem sjálfstæði barna hefur aukist og foreldrar hafa ekki lengur eins mikla stjórn á hegðun og gjörðum barna sinna, svo sem hjónabandi og daglegu lífi, er upplifun foreldra að xiào 孝 hafi ekki sama gildi og áður (Kleinman og fl, 2011).

3. Afleiðingar einbirlisstefnunnar

Hvergi annars staðar í heiminum hefur samskonar stefnu og þeirri sem hér er fjallað um, stefnu sem takmarkar réttindi almennings á barnseignum, verið lögleidd. Kínverska samfélagið hefur meðal annars vegna þessarra skorða sem einbirlisstefnan setti breyst mikið undanfarna áratugi og í dag er samfélagið mjög frábrugðið því sem tíðkaðist áður fyrr, einkum þegar kemur að væntingum til barna og uppeldi þeirra. Þegar stefnan var tekin í gildi var meginástæðan fyrir þessum breytingum sú að fólksfjöldinn í Kína var orðinn svo mikill og á svo hraðri uppleið að hætta yrði á hungursneyð í landinu ef ekkert yrði að gert (Pong, 2009). Þegar einbirlisstefnan var tekin í gildi árið 1980 sáu stjórnvöld í Kína ekki fyrir sér að stefnan átti síðar meir eftir að valda miklum breytingum á kínversku samfélagi.

Einbirlisstefnan gerði það að verkum að hlutverk barna breyttist, því nú var einungis eitt barn á hverju heimili. Vegna þess að flest börn voru nú einbirlis börn þau almennt dekraðari, að auki voru væntingar til barnanna meiri en áður og auknar kröfur gerðar til þeirra. Einnig var álag og ábyrgð sem féll á börnin þegar þau urðu eldri meiri en áður, meðal annars vegna þess að nú kæmu þau til með að verða eina fyrirvinna fjölskyldunnar eftir að foreldrar þeirra hættu vinnu eða yrðu óvinnufærir (Goh, 2011).

3.1 Drengir betri kostur

Önnur afleiðing einbirlisstefnunnar sem stjórnvöld sáu ekki fyrir á þeim tíma þegar stefnan var í smíðum var sú að í augum margra kom nú einungis til greina að eignast

drengi og átti þetta hugarfar sérstaklega við í dreifbýli. Mörg stúlkubörn voru borin út stuttu eftir fæðingu eða eins og áður var nefnt ættleidd til ættingja, til annarra fjölskyldna í Kína eða jafnvel til annarra landa (Goh, 2011). Afleiðingin af þessu varð sú að í dag er mikil kynjaskekkja í landinu, karlar eru mun fleiri en konur eða um 108 karlar fyrir hverjar 100 konur. Karlmenn eru vegna þessara skekkju um 53,5 milljónum fleiri miðað við tölur í maí 2018. Til samanburðar fæðast 101,6 karlar fyrir hverjar 100 konur á heimsvísu. (Country meters, 2018). Ástæðan fyrir þessari háttsemi var sú að samkvæmt kínverskum hefðum er gert ráð fyrir því að drengir búi áfram hjá foreldrum sínum eftir að þeir eignast konu og síðar barn. Synir áttu síðar að sjá fyrir foreldrum sínum þegar faðirinn hefði ekki lengur burði til þess að sjá fyrir fjölskyldu sinni.

Í Kína tíðkast einnig sú hefð að hver fjölskylda heldur ættbók og er framvinda þessa merka rits mikilvægt fyrir heiður og sögu hveurrar fjölskyldu. Með komu einbirnisstefnunnar fækkaði ættbókum mjög mikið vegna þess að hjón eignuðust mörg hver einungis eitt barn. Barn og móðir þess skráist í ættbók föðurættarinnar og þar með stöðvast saga fjölskyldunar ef hjón eignast stúlku þar sem barn hennar skráist einungis í ættbók föðurs, en ekki í þá ættbók sem tilheyrir fjölskyldu móður. Með komu einbirnisstefnunnar urðu fjölskyldur minni og í dag hefur hún staðið yfir svo lengi að fáir eiga stóra fjölskyldu því foreldrar, ömmur og afar eiga oft ekki systkini og þar með á barnið ekkert frændfólk né sitt eigið systkyni. Með því varð einnig umönnun hvers barns meiri því foreldrar, amma og afi áttu einungis eitt barn til þess að annast. Oft er barnið kallað xiǎohuángdì 小皇帝 sem þýðir lítill keisari en merking orðalagsins er í raun „dekraður drengur“ þar sem litlu keisararnir voru taldir vera mjög dekraðir. Að sama skapi eru stúlkur gjarnan kallaðar xiǎogōngzhǔ 小公主 sem þýðir lítill prinsessa en þá er einnig verið að vísa til þess að stúlkan sé dekrúð (Goh, 2011).

3.2 Breytingar á forgangsröðun fjölskyldna í Kína

Í gegnum tíðina hefur stór hluti Kínverja fylgt konfúsíanskum hefðum og er gildið xiào 孝 sem rætt var um í kafla 2 mikið haft til hliðsjónar á kínverskum heimilum og við uppeldi barna. Börnum bar skylda til að virða foreldra sína, virða þá sem eldri eru og vernda ættarnafn sitt svo þau verði ekki eldri kynslóðum fjölskyldu sinnar til skammar. Börnin hafa einnig þá skyldu að vera hlýðin, almennt til fyrirmyndar og

virðingarfull í garð foreldra og eldra fólks, þá sérstaklega í garð föður síns. Feður voru sagðir hafa bæði yfirhöndina og ábyrgðina á öllum í fjölskyldunni og áttu að aga drengi sína með sama hugarfari að leiðarljósi (Goh, 2011).

Í dag er þessi sama hugmyndarfræði enn höfð að leiðarljósi en margt hefur þó breyst með árunum. Áður fyrr tíðkaðist að virða alla þá sem eldri voru og innan heimilisins gildi sama fyrirkomulag, þá sérstaklega um fjölskyldumeðlimi í föðurætt. Mikið var litið upp til eldri karla í ættinni og höfðu þeir yfirhöndina í ákvarðanatöku, réðu félagslegri stöðu og ýmsum hlutverkum fjölskyldunnar. Einnig höfðu þeir mikla stjórn á framkomu og lífsháttum innan fjölskyldunnar. Undanfarið hefur kastljósið meira beinst að yngsta meðlimi fjölskyldunnar og falla oft eldri fjölskyldumeðlimir í skugga barnsins miðað við það sem áður tíðkaðist. Nýlega er algengara að einbirnið, með allri sinni athygli frá fjölskyldumeðlimum sínum, sé farið að hafa stjórn á ýmsum hlutverkum sem áður tilheyrðu eldri kynslóðinni. Barnið er orðið miðpunktur fjölskyldunnar og þykir nú eðlilegast að meðlimir fjölskyldunnar sýni barninu mikla virðingu og geri sitt allra besta til þess að hámarka árangur barnsins (Feng o.fl., 2014).

3.3 Mikið lagt á herðar einbirna

Þessi aukna virðing og athygli sem yngsti meðlimur fjölskyldunnar fær helgast ekki aðeins af því að barnið sjálft nái góðum árangri í framtíðinni, heldur er hugmyndafræðin oft sú að barnið eigi að geta leitt alla fjölskylduna með sér inn í bjartari framtíð, ekki aðeins með því að koma til með að þéna vel heldur einnig með því að koma til með að hugsa vel um foreldra sína og sjá fyrir þeim þegar þau hafa tapað heilsu. Vegna þessa er höfuðáhersla lögð á það að barnið standi sig vel í námi, því góður námsárangur í grunn- og framhaldsskóla í Kína er oft eina leiðin til þess að ná að mennta sig vel og eina leiðin til að fá tækifæri til þess að ganga í háskóla í landinu. Vegna þessarar áherslu fjölskyldunnar og vegna mikilvægi þess að ná góðum námsárangri er mikið lagt á herðar barnsins sem veldur því að börn finna fyrir miklum þrýstingi allt frá unga aldri (Goh, 2011; Feng o.fl., 2014).

Fleiri atriði hafa breyst í sambandi við uppeldi í Kína. Vegna þess að einbirni þjóðarinnar gegna stóru hlutverki fyrir framtíð fjölskyldunnar eru foreldrar og fjölskyldumeðlimir farnir að verja meiri tíma en áður með börnum sínum. Foreldrar finna ekki lengur þörf á því að hitta vini og vandamenn eins oft og áður og finna

einnig ekki þörf á því að stunda eða finna sér ný áhugamál í frítíma sínum, heldur kjósa að verja eins miklum tíma með barni sínu eins og þau mögulega geta (Feng o.fl., 2014).

4. Lifnaðar- og búsetuhættir

Í Kína hefur lengi tíðkast að hjón búi hjá fjölskyldu eiginmannsins eftir að þau hafa tekið saman og tíðkast þessi hefð sérstaklega á dreifbýlum svæðum. Ef til þess kemur að hjón eignist barn aðstoða foreldrar föðurins gjarnan með uppeldi og umsjá barnsins, oft vegna þess að sjálfir foreldrarnir hafa í mörgu öðru að snúast og sjá sig knúin til þess að halda áfram sínum verkefnum þrátt fyrir barneign. Því er lausn fjölskyldunnar sú að ef amma og afi barnsins eru ekki lengur á vinnumarkaði að þau hjálpi mikið til með umsjá barnsins sem og heimilisverk. Oftast nær vilja ömmur og afar fá að taka mikinn þátt í uppeldi barnabarns síns og því er mikilvægt fyrir þau að eignast dreng ef þau eignast barn til þess að hafa tækifæri á því að taka þátt í uppeldi barnabarns síns. Það er vegna þess að eins og áður var nefnt flytja hjón yfirleitt til fjölskyldu eiginmannsins. Hins vegar ef hjón eignast stúlku eru minni líkur á því að þau fái að taka jafn mikinn þátt í því að ala upp barnabarn sitt vegna þessarar venju. Þetta varð eitt af stóru vandamálum samfélagsins sem kom upp eftir að einbirmisstefnan var tekin í gildi því nú fengu hjón einungis eitt tækifæri til að eignast afkvæmi og ef afkvæmið varð stúlkubarn var von þeirra um að ætt sín stækki og að elliárin yrðu farsæl nánast úti. Flestir óskuðu sér því að eignast drengi þá sérstaklega vegna þess að þegar foreldrar eru komnir á aldur njóta þeir aðstoðar sonar síns við umönnun og ef hann hefði ekki heilsu til þess að sjá um foreldra sína var venjan sú að barnabarnið tæki við ábyrgðinni (Goh, 2011).

4.1 Breytingar á lifnaðar- og búsetuháttum

Sú venja að búa hjá foreldrum eiginmannsins er hins vegar að breytast mikið um þessar mundir og hefur breyst allnokkuð undanfarin ár. Fleiri hjón kjósa að búa ein eða jafnvel að búa hjá foreldrum eiginkonunnar og í dag er því allur gangur á því hvernig lifnaðarháttum ungra hjóna í Kína er hagað. Í rannsókn Feng frá árinu 2006 kemur í ljós að um helmingur hjóna sem eiga eitt barn og búa hjá foreldrum kjósa að

búa hjá foreldrum eiginmannsins og hinn helmingurinn hjá foreldrum eiginkonunnar. Þetta er mikil breyting á því sem áður var þegar einbirstefnan var fyrst tekin í gildi, þegar mikill meirihluti hjóna kaus að búa hjá fjölskyldu eiginmannsins.

Í dag hefur einnig orðið sú breyting að sum einkabörn sjá ekki fyrir sér að eignast sitt eigið afkvæmi. Þetta veldur miklum áhyggjum margra foreldra í Kína því enn tíðkast sá hugsunarháttur að saga fjölskyldunnar sé mikilvæg og því myndi það þýða endalok fjölskyldusögunnar ef einkabörnin kjósa að fjölga sér ekki. Ástæðan fyrir því að einkabörnin sjá mörg hver fyrir sér að eignast ekki afkvæmi og jafnframt að komast upp með þessa ákvörðun sína má rekja til þess að þau hafa öðlast meira frelsi nú en tíðkaðist áður fyrr í Kína. Frelsið er oft til komið vegna þess að yfirhöndin hefur færst frá þeim eldri í fjölskyldunni til þeirra yngri, það er að segja vegna þess að ungmennin eru nú stærsta númerið í fjölskyldunni. Ungmennin eru því aðilinn sem hefur gott og mikið vald á ákvarðanatökum innan fjölskyldunnar sem er breyting á því sem áður tíðkaðist og hafa því nú, með þessu valdi, gefið sjálfum sér meira frelsi til eigin ákvarðana og meira sjálfstæðis. Fjölbreytni kínversks samfélags hefur því aukist mikið og er enn að taka miklum breytingum, meðal annars vegna þessa aukna sjálfstæðis yngri kynslóðanna. Einnig er þó hægt að rekja hluta breytinganna til aukinnar hnattvæðingar, auðveldum aðgangi að upplýsingum og utanaðkomandi áhrifa frá vestrænum heimi vegna þess að í öðrum löndum hefur yfirleitt hver og einn meira frelsi hvað varðar ákvarðanir um barnseignir.

Eins og áður segir er allur gangur á því hvar einbirnið kys að búa sem veldur því að foreldrar koma oft til með að búa einir og fá ekki þá aðstoð og umhyggju sem þau gerðu ráð fyrir. Þetta er mikil breyting frá þeim tímum áður en markvisst var farið að draga úr barneignum í Kína, því þá áttu hjón yfirleitt mörg börn en voru ekki neydd til að eignast aðeins eitt afkvæmi. Árið 1982 voru um 11% heimila aðeins samsett af tveimur manneskjum, þ.e. hjónum. Hins vegar hefur búsetuháttum af þessu tagi fjölgað mikið og árið 2010 voru um 28% heimila í Kína af þessu tagi. Flestir þeirra sem búa með þessum hætti voru á aldrinum 45 ára til 69 ára sem gefur til kynna að þetta sé hópur foreldra þar sem börn þeirra kusu annað hvort að flytja inn til foreldra annars aðilans í sínu eigin hjónabandi eða þá að börn kusu að búa í sínu eigin húsnæði.

Áður fyrr voru nokkur börn til þess að hjálpast að við að sjá fyrir og hugsa um foreldra sína. Þá tíðkaðist sú venja að drengir öfluðu tekna fyrir fjölskylduna en stúlkurnar sáu um andlega umönnun foreldra sinna og heimilisverk. Með tilkomu

einbirnisstefnunnar þurfa foreldrar hins vegar algjörlega að treysta á sitt eina barn til þess að huga að sér í framtíðinni. Þetta getur reynst stórt og strembið verkefni fyrir einstakling sem þarf oft á tíðum, í samvinnu við maka sinn, að sjá um þetta stóra verkefni ásamt því að afla fjölskyldu sinni tekna og hugsa um sitt eigið barn.

Þessi breyttu lifnaðar- og búsetuhættir sem valda því að hjón komi til með að búa ein á elliárunum er annað dæmi um neikvæðar afleiðingar einbirnisstefnunnar. Þessi breyting er og mun koma til með að vera mikilvægt og stórt verkefni fyrir stjórnvöld og samfélagið sjálft til að kljást við í nánustu framtíð, sérstaklega vegna þess að hlutfall eldri kynslóðar í Kína hefur aukist mikið (Feng o.fl., 2014).

5. Afleiðingar uppeldis á tímum einbirnisstefnunar

Sem einkabarn líkt og stór hluti kínverskra barna eru nú til dags hafa þau fengið mjög mikla umönnun þar sem yfirleitt bæði foreldrar og ýmist móður- og föðurforeldrar hafa komið að uppeldi barnsins. Þó svo að það sé oft jákvætt að fá mikla athygli og umönnun þá getur það einnig haft ýmsar aðrar og neikvæðari afleiðingar í för með sér (Scelzo & Lerman, 2009).

5.1 Dekruðu einkabörnin

Oft er talað um einbirni í Kína sem dekrúð börn og er viðlíkingin sönn að vissu leyti. Í nútímasamfélagi 21. aldarinnar, með miklum tækninýjungum, stöðugri þróun á vörum og stöðugu áreiti auglýsinga ýmist á götum úti, í farsímum og víðar hefur neysla og löngun barna á þessum nýjungum aukist mikið. Að auki fá einbirnin umönnun frá mörgum fjölskyldumeðlimum sem vilja allt fyrir barnið gera að það getur verið erfitt fyrir fjölskyldumeðlimina að leggja línurnar hvað skuli láta eftir barninu, hvað skuli færa því og hvað ekki. Því getur reynst erfitt fyrir fjölskyldumeðlimina að dekra ekki við barnið og ekki síður erfitt fyrir börn og unglíngi í Kína að standast þær freistingar sem bjóðast þeim. Vegna þessarar miklu umönnunar og með stöðugu framboði nýjunga hefur neysla og eyðsla kínverskra barna og unglíngi aukist til muna. Að auki fá kínversk ungmenni stærri gjafir og peningaumslög en áður tíðkaðist. Það helsta sem ýtir undir neyslu og eyðslu kínverskra ungmenna má skipta í tvennt. Annars vegar hefur aðsókn ungmenna á veitingastaði og kaup þeirra á dýrari merkjavörum og tækninýjungum aukist, meðal annars vegna vestrænna strauma sem hafa náð fótfestu meðal ungmenna í gegnum netheima. Hins vegar eru börn og unglíngar farnir að iðka

tómstundir í meira mæli og stunda ýmsar íþróttir og taka fjölmörg námskeið utan skóla, meðal annars til að uppfylla kröfur foreldra og ættingja sinna. Þessari aukningu á iðkun tómstunda fylgir mikill kostnaður, ekki aðeins vegna tómstundagjalda heldur einnig vegna áhalda og búnaðar sem þarf til þess að taka þátt í hverri tómstundagrein. Einnig getur ný tækni aðstoðað börn við nám og því hafa útgjöld vegna kaupa á raftækjum sem nýtast við nám einnig aukist (Scelzo & Lerman, 2009; Feng o.fl., 2014).

Í rannsókn frá árinu 2002 þar sem neysla barna í borgunum Peking og Tianjin var borin saman á milli ára 1995 og 2002 kom í ljós að börn höfðu tvöfalt meira á milli handanna og eyddu þrefalt meira á aðeins sjö árum. Peningaeign barna er mest til komin vegna vasapeninga frá foreldrum en annars konar peningagjafir til barnanna fylgja fast á eftir. Rannsóknin leiðir einnig í ljós að kínversk börn ráðstafa að minnsta kosti tveimur þriðju hlutum af neyslufé fjölskyldunnar á neysluvörnum, svo sem kaupum á matvörum, snyrtivörum og þess háttar. Þá ráðstafa börnin að minnsta kosti fjórðungi af útgjöldum fjölskyldna á varanlegum kaupum, svo sem kaupum á fötum, húsgögnum, tækjum, bifreiðum og fleiru. Innkaupamynstur ungmenna hefur einnig breyst og rannsóknin bendir til að borgarbörn Kína hafi ekki aðeins sóst í dýrari vörur á undanförunum árum heldur hefur fjöldi ferða þeirra í verslanir einnig aukist (Scelzo & Lerman, 2009).

Vert er þó að hafa í huga að aukin neysla og útgjöld almennings í Kína er ekki aðeins vegna þess að foreldrar láta meira eftir börnum sínum nú en áður. Aukin neysla og útgjöld Kínverja er alls ekkert einsdæmi á heimsvísu og á sér stað víða annarsstaðar í heiminum. Þó er vert að geta að þessi breyting er mjög hröð og sjáanleg í Kína og hefur hagsæld í landinu breyst mikið undanfarna þrjá áratugi (Anand, Mishra, & Peiris, 2013).

5.2 Hafa dekrúðu einkabörnin burði til þess að halda í hefðirnar?

Að undanförunu hefur færst í aukana að almenningur, rannsóknarstofnanir og foreldrar sem eiga aðeins eitt barn hafi miklar áhyggjur af því hvort einbirnin hafi virkilega burði til að standast það álag sem fylgir því að sjá um bæði sína eigin fjölskyldu og fylgja þeirri kínversku hefð að ala önn fyrir foreldrum sínum þegar að því kemur að foreldrar þeirra komast á elliárin. Ástæðan er meðal annars sú að almenningi finnst þessi kynslóð einbirna vera of dekrúð. Einbirnin eru hins vegar á allt öðru máli og

neita því að þau hafi verið dekruð í æsku. Þvert á móti telja einbirnin sig hafa verið undir mikilli pressu frá unga aldri og þeirra upplifun er sú að þau hafa alla sína ævi þurft að uppfylla væntingar foreldra sinna, standa sig vel í skóla, gera mikla heimavinnu og jafnvel fara á auka námskeið til að auka kunnáttu sína enn frekar. Á sama tíma eru miklar væntingar gerðar til þeirra um að sjá fyrir foreldrum sínum seinna meir, eignast sína eigin fjölskyldu og að fá góða vinnu að námi loknu. Þó svo að talað sé um dekruðu einkabörnin sem litla keisara eða prinsessur þá eru bernskuár þeirra enginn dans á rósum, þau hafa ekki fengið að njóta áhyggjulausrar bernsku með draumum og frelsi eins og tíðkast víða á Vesturlöndum, því snemma fá þau að kynna þvi að það þarf að hafa fyrir hlutunum og byrja strax að undirbúa sig fyrir framtíðina (Yan, 2006).

Færst hefur í aukana að þegar börnin vaxa upp neiti þau að fylgja þeirri kínversku hefð að sjá fyrir og hugsa um foreldra sína þegar þau eldast. Þessi staðreynd er sérstaklega erfið fyrir eldra fólk í dreifbýli sem nýtur almennt ekki sömu lífsgæða og eldra fólk í borgum, t.d. ellilífeyri og önnur velferðarkerfi. Hins vegar er skoðun barnanna sú að þau hafa alla sína ævi þurft að vinna fyrir væntingum foreldra sinna og telja sig loksins vera orðin frjáls og eiga heimtingu á minna álagi að námi loknu. Því er ástæðan ekki sú að þau standist ekki álagið og hafi ekki burði til þess að sinna foreldrum sínum heldur er tilfinning þeirra sú að þau eru loksins orðin fullorðin og sjálfstæð og geta því loks ráðið eigin högum og haft sínar eigin skoðanir. Einnig vilja margir hverjir flytja í borgirnar með fjölskylduna sína í von um bjartari framtíð og vilja því ekki dvelja áfram hjá foreldrum eða tengdforeldrum í dreifbýli (Yan, 2006).

Þar sem börn eru orðin sjálfstæðari og foreldrar hafa ekki jafn mikla stjórn á hegðun og gjörðum barna sinna er upplifun foreldra að xiào 孝 hafi ekki sama gildi og áður var (Kleinman og fl, 2011). Eins og nefnt var í kafla 2 telja börnin sig ekki vera að svíkjast undan foreldrum sínum né gildinu xiào 孝, heldur hugsa þau um foreldrana á annan hátt en áður tíðkaðist (Poskaite, 2014).

5.3 Vinnumarkaðurinn fyrir einbirningana

Sú áskorun að finna sér góða vinnu og afla góðra tekna til að geta séð fyrir fjölskyldu sinni leiðir meðal annars til þess að sum ungmenni sætta sig ekki við hvaða vinnu og laun sem er og eru treg til að koma sér inn á vinnumarkað þar sem fyrsta starf þeirra

er oft á tíðum illa launað eða undir væntingum þeirra. Ungmennin hafa því gjarnan ekki þolinmæði eftir allan þann undirbúning sem þau hafa gengið í gegnum, meðal annars í námi, til þess að byrja starfsferil sinn í venjulegu starfi vegna þess að þau stefna of hátt. Þessi farvegur ungmenna í Kína er oft tilkominn vegna óhóflegra væntinga foreldra þeirra og enda sumir hverjir með því að halda áfram að lifa á foreldrum sínum að námi loknu og sjá ekki tilgang í því að fara sjálf að vinna. Þessi ungmenni eru kölluð kěnlǎozú 啃老族 sem þýðir einfaldlega „þeir sem lifa á foreldrum sínum“ og hefur ungmennum um tvítugsaldur í Kína sem eru í þessari stöðu fjölgað undanfarin ár (Yan, 2006).

Þeir einstaklingar sem fara hins vegar á vinnumarkaðinn og vinna við stöður undir þeirra markmiðum eiga það oft til að taka starfinu ekki nógu alvarlega, mæta ef til vill gjarnan seint og sjá enga hvöt í því að standa sig vel í starfi sínu. Ef þeim finnst launin ekki nógu há, starfsstaðan sín ekki nógu góð eða fá á sig gagnrýni eiga þessir aðilar oft til með að segja upp með litlum fyrirvara. Þessa stöðu á vinnuferli einbirna í Kína má í sumum tilfellum rekja til þess að einbirnin er talin frekar viðkvæm og þurfa lítið til að taka gagnrýni inn á sig. Því er önnur afleiðing þess að hafa verið alinn upp á tímum einbirtisstefnunar sú að ungmenni eru mjög viðkvæm fyrir breytingum og gagnrýni og ekki eins tilbúin til að fara út á vinnumarkaðinn líkt og fyrri kynslóðir í Kína (Yan, 2006).

5.4 Skiptar skoðanir á litlu einbirnunum á vinnumarkaði

Ekki eru allir fræðimenn sammála um að einkabörnin á vinnumarkaði í Kína séu frábrugðin þeim sem áttu og ólust upp með systkinum. Yoshihiko Kadoya, prófessor við Hírosíma háskóla í Japan, rannsakaði hvort starfsmenn í Kína væru opnir fyrir því að fylgja hópnum þegar ákvarðanatataka var tekin á vinnustaðnum. Þessi könnun átti að sýna fram á að einkabörn væru ekki jafn sjálfseisk eða sjálfstæð eins og margir héldu fram. Rannsóknin náði til starfsmanna á aldrinum 20-70 ára í sex mismunandi borgum í Kína og voru starfsmenn ýmist fæddir fyrir einbirtisstefnuna 1980 eða voru einkabörn sem voru fædd á meðan stefnan stóð yfir. Könnunin var þannig framkvæmd að talað var beint við starfsfólk og það aðspurt hversu sammála á skalanum einn upp í fimm þau væru því að fylgja ákveðinni skoðun hóps í vinnu sinni („At work, I should follow the opinion of the group“). Kadoya taldi að með þessari spurningu væri hægt að kanna hvort starfsfólk væri almennt samvinnuþýtt og hvort

munur væri á starfsfólki fæddu fyrir eða eftir komu einbirtisstefnunnar á því hvort þau tileinkuðu sér að vera samvinnuþýð eða hvort þau væru sjálfsefsk og sjálfstæð.

Niðurstæðan var sú að meðaltal þeirra sem svöruðu könnuninni var 3,86 af 5 mögulegum. Ef aðeins var litið á hópinn sem fæddist fyrir komu einbirtisstefnunnar var meðaltalið 3,89 af 5 en 3,8 af 5 hjá starfsfólki sem fæddist eftir einbirtisstefnuna. Munurinn milli þessara tveggja hópa er því ómarktækur og telur Kadoya þessa niðurstöðu sýna fram á að þó svo að einkabörnin séu talin sjálfsefsk eða sjálfstæð í einkalífi sínu þá virðist sem svo að þau séu það ekki á vinnustað.

Kadoya telur að ástæðan fyrir þessari niðurstöðu sé að miklu leyti komin til vegna konfúsíanskra gilda sem Kínverjar hafa að leiðarljósi. Gildi þessi kveða á um að starfsmenn séu tryggir vinnuveitenda og að þeir trúu því að vinna sé megintilgangur lífsins. Vinnusiðferði er ríkjandi í Kína og yfirsterkara persónulegu uppeldi hvers og eins. Til samanburðar var sama rannsókn framkvæmd í Japan og Bandaríkjunum og kom í ljós að kínverskt starfsfólk var mun samvinnuþýðara en starfsfólk hinna þjóðanna (Hiroshima University, 2018).

5.5 Áhrif álags á börnin

Álagið sem fylgir því að vera einkabarn og uppfylla væntingar foreldra, ömmu og afa sem hafa lagt ríka áherslu á að barnið nái miklum árangri getur verið yfirgnæfandi, sérstaklega þegar kemur að lærdómi. Námsmenn í Kína leggja virkilega mikið á sig til þess að ná góðum árangri í skóla og verja bróðurparti dagsins í lærdóm. Til eru dæmi um námsmenn sem taka fleiri en eina háskólagráðu samtímis til að auka framtíðarmöguleika sína. Ungmennin telja að það sé liður í því að styrkja stöðu sína í jafn fjölmennu landi og Kína og því sé betra að hafa mörg spjót á lofti.

Í rannsókn sem birt var árið 2005 þar sem könnuð var líðan grunn- og framhaldsskólanema á landsvísu kom í ljós að 57 prósent nemenda kváðust vera óhamingjusamir vegna álags í námi og meira en 50 prósent fannst innihald námsgagna ónothæft. Niðurstæðan gefur til kynna að líf námsmanna í Kína er ekki litríkt og sjá ekki þann tilgang í náminu sem þau óska sér. Þrátt fyrir þessa niðurstöðu að svarendur sjái lítið gagn í námi sínu svöruðu 58 prósent nemenda að þau vildu öðlast doktorsgráðu. Námi er orðið eitt það allra mikilvægasta í lífi ungs fólks í Kína, svo mikilvægt að í sömu könnun svöruðu 42 prósent nemenda að það sem gefur þeim

mesta hamingju í lífinu er að fá góða einkunn á prófi en til samanburðar svöruðu einungis 19 prósent að það sem gæfi þeim mestu ánægju væri að geta leikið sér að vild. Í sömu könnun kemur í ljós að nemendur byrja að hafa áhyggjur af því að fá ekki vinnu í framtíðinni, taka lán fyrir bíl og að komast ekki inn í virta háskóla þegar þau eru enn á grunn- og framhaldsskólastigi. Álagið og stressið sem námið hefur á börnin hefur mikil áhrif á heilsu þeirra. Til dæmis kemur fram í sömu könnun að 66 prósent grunnskólanema og 77 prósent framhaldsskólanema telja sig ekki fá nægan svefn. Þegar þau voru spurð hvað þau myndu gera ef þau hefðu meiri frítíma svöruðu 53 prósent að þau myndu taka langan og góðan blund. Mikið af nemendum leita til læknis ár hvert vegna einkenna um svefnleysi, samt sem áður leita einnig nemendur til læknis til að biðja um ráð til þess að þurfa að sofa jafnvel minna en þau gera nú þegar svo þau hafi aukinn tíma til þess að læra og undirbúa sig fyrir próf (Yan, 2006).

Stór hluti kínverskra ungmenna upplifir sig undir stöðugu álagi sem veldur þeim gjarnan vanlíðan og leiðir oft til þunglyndis. Tölur frá Sálfræðistofnun Kína, Zhōngguó xīnlǐ xuéhuì 中国心理学会, gefa til kynna að þunglyndi meðal ungmenna í landinu sé mikið og stórt áhyggjuefni á landsvísu. Kannanir leiða í ljós að rúmlega tíu prósent Kínverja undir 17 ára aldri hafi ekki fulla heilsu sökum sálrænna vandamála. Þar kemur fram að meginástæður þess sé álag úr skóla, streita sem tengist atvinnu og skortur á fjölbreyttum hversdagsleika.

5.6 Félagsþæfni

Þunglyndi og streita ungmenna má meðal annars rekja til félagslegra þátta. Þar sem flest kínversk börn í dag eiga ekki systkini, frænkur né frænda þá er félagsleg þæfni þeirra oft slæm fyrir vikið. Ungmennin eru ef til vill ekki vön því að eiga samskipti við aðra en foreldra sína, ömmu og afa og þar með geta samskiptaerfiðleikar þeirra við aðra leitt til kvíða og þunglyndis (Liu, 2017).

5.7 Sjálfsmorð

Það sem er sorglegast við afleiðingar einbirtisstefnunnar er að í Kína er sjálfsmorðstíðni býsna há, þar allra helst á meðal ungs fólks. Í rannsókn sem tekin var árið 2006 kemur fram að í Kína taka um 250.000 manns sitt eigið líf ár hvert, sem

samsvarar því að tveir af hverjum 10.000 Kínverjum taki sitt eigið líf (Yan, 2006). Til samanburðar er þetta hlutfall helmingi hærra í Kína en í Bandaríkjunum (Kleinman o. fl., 2011).

Sjálfsmorð er algengasta orsök dauðsfalla hjá ungu fólki í Kína og má rekja þessa háu sjálfsmorðstíðni annars vegar til þess álags sem kínversk ungmenni þurfa að sæta (Yan, 2006) en einnig til þess að foreldrar eiga það til að taka sitt eigið líf ef þeim finnst fjölskylda sín ekki sýna sér næga virðingu. Hér kemur fylgni gildisins xiào 孝 mikið við sögu, vegna þess að foreldrar ætlast til að fjölskyldumeðlimir fylgi gildinu xiào 孝 í hvívetna. Raunin er sú að oft, eins og áður var fjallað um, er ólíkt hvernig kynslóðir Kínverja telja að best sé að fylgja konfúsíaniska gildinu xiào 孝 þegar kemur að því að hugsa um foreldra sína, bera virðingu fyrir þeim og sýna þeim umhyggju. Í könnun sem tekin var árið 2008 á 200 sjálfsmorðstilfellum í Mengzhou í norðurhluta Kína kom í ljós að um 90 prósent tilfellanna eiga sér stað vegna fjölskylduvandamála. Í annari könnun sem var framkvæmd sama ár, var talað við konur í Frjálsum félagssamtökum sveitarfélaga kvenna (NGO Rural women) í sex sýslum í Hebei fylki í Kína. Í þeirri könnun kom í ljós að 83,3 prósent töldu fjölskylduvandamál vera helsta ástæða sjálfsmorða. Fjölskylduvandamálin tengjast oft því að fjölskyldumeðlimur uppfyllir ekki væntingar fjölskyldumeðlima sinna. Vandamálin tengjast ekki aðeins því að barn nær ekki að standa undir væntingum foreldra í námi eða þegar börn fylgja ekki gildinu xiào 孝 eins og foreldrar þeirra ætlast til af þeim, heldur einnig að framkoma á milli fjölskyldumeðlima sé undir eigin væntingum (Kleinman o.fl., 2011).

6. Tvíbirnisstefnan

Á ráðstefnu í nóvember árið 2013 tilkynnti leiðtogi Alþýðulýðveldisins Kína, Xi Jinping, að ef annar eða báðir foreldrar eru einkabörn fái þau leyfi til að eignast sitt annað barn. Eftir þessa tilkynningu skapaðist umræða í landinu um að breyta barneignarstefnu ríkisins almennt þannig að allir gætu eignast tvö börn og var það gert í kjölfarið (Feng o.fl., 2014).

Í desember árið 2015 var sett á ný stefna í Kína og er sú stefna kölluð tvíbirnisstefnan. Stjórnvöld höfðu í huga að jafna út aldursmuninn þar sem meirihluti Kínverja í dag er á eldri árum sem er afleiðing lækkandi fæðingartíðni með

einbirtisstefnunni. Tvíbirtisstefnan gefur öllum foreldrum í landinu leyfi til þess að eignast tvö börn frá ársbyrjun 2016. Samkvæmt upplýsingum frá Fjölskyldu- og lýðheilsufarsnefnd Alþýðulýðveldisins Kína, Zhōnghuá Rénmín Gònghéguó Guójiā Wèishēng Hé Jihuà Shēngyù Wěiyuánhui 中华人民共和国国家卫生和计划生育委员会 höfðu fæðingar aukist um 7,9 prósent á einungis einu ári eftir að nýja stefnan tók gildi. Á árinu sem leið eftir að ný stefna tók gildi fæddust um 17,86 milljón börn og um 15 prósent af þessum barnseignum voru foreldrar sem áttu eitt barn fyrir og eignuðust nú sitt annað barn. Þrátt fyrir að umdeild einbirtisstefna hafi verið í gildi í landinu í marga áratugi þá ætla sér alls ekki allir Kínverjar að nýta sér þau nýfengnu réttindi að eignast annað barn. Hugsunarháttur Kínverja hefur einfaldlega breyst mikið eftir 35 ár undir einbirtisstefnunni. Fólk telur það almennt vera eðlilegast og skynsamlegast að eignast einungis eitt barn til þess að geta veitt barni sínu þann andlega og fjárhagslega stuðning sem það þarfnast (Haas, 2017).

Lokaorð

Einbirnisstefnan hafði vægast sagt mikil áhrif á samfélagið í Kína. Að nokkru leyti hafði stefnan góð áhrif á ýmislegt líkt og efnahag Kína. Stefnan dró einnig úr hraðri fólksfjölgun í landinu sem átti þátt í því að fátækt varð minni en hún hefði ella orðið og fleiri tækifæri buðust almenningi hvað varðar skólagöngu og á vinnumarkaði. Einbirnisstefnan hefur þó einnig dregið nokkurn dilk á eftir sér. Það má sjá ýmsar afleiðingar einbirnisstefnunnar á samfélagi Kína í dag og því miður eru margar þessara afleiðinga slæmar.

Einbirnisstefnan olli því að gamlar hefðir í Kína tóku breytingum. Sú hefð að virða eldri kynslóðir er á undanhaldi og tilfellum þar sem uppvaxin börn búa áfram hjá foreldrum sínum til að hugsa um foreldra sína þegar þeir eldast hefur fækkað. Að mati eldri kynslóðarinnar hefur konfúsíaníska gildið „fjölskyldutryggð“ eða xiào 孝 glatast að miklu leyti. Hins vegar telur yngri kynslóðin að svo sé ekki heldur hafi hugmyndin um gildið xiào 孝 einfaldlega breyst með breyttum tímum. Út frá þessu má álykta að ástæðan fyrir því að uppvaxin börn búi ekki áfram í foreldrahúsum sé ekki endilega sú að þau vilji ekki lengur sjá um foreldra sína heldur ef til vill fremur að þau vilji aðstoða foreldra sína á annan hátt en áður tíðkaðist. Börn í Kína eru orðin sjálfstæðari og hafa meira frelsi nú en áður sem gefur þeim aukin tækifæri til að taka eigin ákvarðanir og ráða högum sínum.

Eftir 35 ár undir stefnunni hefur stærð fjölskyldna breyst mikið. Á þessum tíma fækkaði börnum í hverri fjölskyldu og urðu börnin fyrir vikið dekraðri en áður. Að vissu leyti má einnig rekja það til þess að efnahagur í Kína hefur vænkast mikið á undanförunum áratugum. Fækkun barna innan hvernar fjölskyldu olli því einnig að væntingar til þessara barna jukust og sú hefð að börn í Kína annist foreldra sína eftir að þau eldast á saman stóran þátt í því mikla álagi sem börn í Kína finna fyrir í æsku og síðar meir, þá sérstaklega ef um var að ræða dreng.

Það sem er þó hvað merkilegast að mati höfundar er sú staðreynd að álagið á börnin hefur virkilega margar slæmar afleiðingar á líf einbirna. Einbirnisstefnan hafði ekki einungis áhrif á einbirnin heima fyrir heldur getur álagið einnig haft áhrif á ýmsa þætti í lífi þeirra síðar meir, meðal annars á vinnumarkaði. Álagið kemur gjarnan einnig niður á andlegri og líkamlegri heilsu þeirra, bæði í æsku og síðar meir. Þannig má tengja svefnleysi, þunglyndi, vanlíðan og sjálfsmorð beint við áhrif vegna einbirnisstefnunnar.

Þó svo að margt slæmt sé hægt að rekja til einbirtisstefnunnar, þá kjósa flestir Kínverjar þó áfram að eignast einungis eitt barn. Ástæðan fyrir því er yfirleitt sú að þau vilja veita barninu góðan fjárhagslegan stuðning svo barnið hafi möguleika á bjartri framtíð og getur þessi áskorun til foreldra með tvö börn eða fleiri reynst erfiðari. Velta má vöngum yfir því hvort það sé kínverskum börnum í hag að fá mikinn fjárhagslegann stuðning og fyrir vikið miklar væntingar foreldra í garð barna sinna til þess að ná langt í lífinu, eða hvort það sé hreinlega betra fyrir börnin að fá ekki eins mikinn fjárhagslegan stuðning og deila væntingum foreldra með systkinum sínum. Að auki ef um tvö börn er að ræða eru fleiri til þess að sjá um foreldrana á elliárunum sem getur dregið úr því álagi sem börn verða fyrir.

Að lokum er athyglisvert hversu mikið kynjamisrétti var í landinu á meðan einbirtisstefnan var í gildi sem birtist í því að gífurlegur fjöldi stúlkubarna var borinn út vegna óskhyggju foreldra um að eignast dreng í stað stúlku. Konfúsíanískur hugsunarháttur átti stóran þátt í því kynjamisrétti sem átti sér stað á meðan einbirtisstefnan var í gildi. Mikill munur er á kynjahlutfalli í Kína í dag og eru drengir mun fleiri vegna þess að stúlkubörn voru gjarnan borin út eða gefin til ættleiðingar. Á þessu tímabili fæddist mikill fjöldi barna ólöglega og var tilvist þeirra hvorki viðurkennd né skráð í Kína og því munu þessi börn aldrei verða lögleg í sínu eigin landi.

Nú þegar tvíbirtisstefnan hefur verið tekin í gildi er möguleiki á því að það dragi úr þeim slæmu afleiðingum sem einbirtisstefnan hafði á kínverskt samfélag og fjallað var um hér að ofan. Einungis tíminn mun leiða í ljós hvort tvíbirtisstefnan komi til með hafa batnandi áhrif á kínverskt samfélag og leiða til þess að ofangreindar afleiðingar færast til betri vegar.

Kínverskt samfélag er þó líklega það samfélag í heiminum sem hvað erfiðast er að greina og þótt hér sé leitast við að einblína á að einbirtisstefnan hafi sem mest þátt í þessari breytingu samfélagsins þá er vert að taka fram að aðrir þættir í breytingarferli samfélagsins hafi einnig áhrif eins og þróun, stjórnarmál og hnattvæðing.

Heimildaskrá

- Anand, R., Mishra, S., & Peiris, S.J. (2013). Inclusive Growth: Measurement and Determinants. International Monetary Fund.
- Country meters. (2018). China Population. Sótt 23.mars 2018 af <http://www.countrymeters.info/en/China#facts>
- Croll, E., Davin, D., & Kane, P. (1985). China's One Child Policy. Houndmills, Basingstoke, Hampshire and London, UK: The Macmillan Press.
- Feng, X.T., Dudley, L., Poston, J., & Wang, X.T. (2014). China's One-child Policy and the Changing Family. *Journal of Comparative Family Studies*. 1, 18-29.
- Goh, E.CL. (2011). China's One-Child Policy and Multiple Caregiving, Raising little suns in Xiamen. London, UK and New York, NY, US: Routledge.
- Haas, B. (2017, January 23). China's birth rate rises but falls short of government estimates. *The Guardian*. Sótt 3.maí 2018 af <https://www.theguardian.com/world/2017/jan/23/chinas-birth-rate-soars-after-relaxation-of-one-child-policy>
- Hiroshima University (2018). China's one-child generation not so selfish after all. Atlanta : NewsRx. Health & Science.
- Kleinman, A., Yan, Y., Jun, J., Lee, S., Zhang, E., Tianshu, P., Wu, F., & Jinhua, G. (2011). Deep China. Berkeley, US, Los Angeles, US, London, UK: University of California Press.
- Liu, W. (2017). How Are Chinese Only Children Growing, A Bioecological Systems Perspective. China: Springer VS.
- Pong, D. (2009). Encyclopedia of Modern China. Detroit, New York, San Francisco, New Heaven, Conn, Waterville, Maine, London: Gale Cengage.
- Poskaite, L. (2014). Filial Piety (xiào 孝) in the Contemporary and Global World: A View from the Western and Chinese Perspectives. *Asian Studies II (XVII)*, 1, 99-114.
- Scelzo, T. & Lerman, D. (2009). Little Emperors grown up: a case study of cosmetic usage. *Young Consumers*, 10, 110-119. doi:10.1108/17473610910964697
- Sheehan M. (2015, October 12). 13 Million People In China Don't Have The Document That Would Guarantee Them Rights. *The World Post*. Sótt 1.júní 2018 af http://www.huffingtonpost.com/entry/china-undocumentedresidents_us_56692ca3e4b080eddf570d99

Smith, A.H. (2002). *Chinese Characteristics*. East Bridge UK: Norwalk.

Yan, Y. (2006). Little Emperors or Frail Pragmatists? China's '80ers Generation.
Current History, 105, 255-262.

Yao, X. (2000). *An Introduction to Confucianism*. Cambridge, UK: Cambridge University Press.